



Móttaka gesta í Pekkingarsetri Suðurnesja

Gistirými

Pekkingarsetur Suðurnesja býður upp á gistaðstöðu fyrir vísindamenn, háskólanema og -kennara auk nemendahópa á háskólastigi sem eru við nám og/eða störf í húsnaði Pekkingarsetursins.

Alls eru sex herbergi í boði á efri hæð hússins, eitt tveggja manna herbergi með tvíbreiðu rúmi og fimm þriggja manna herbergi með koju og einstaklingsrúmi. Fjögur klósett er á hæðinni ásamt fjórum vöskum og tveimur sturtum. Fullbúið eldhús með tveimur ísskápum, frysti, eldavél, ofni og örbylgjuofni er á staðnum. Rúm eru uppábúin en gestir þurfa að koma með eigin handklæði. Þvottvél og þurrkari er í boði fyrir gesti.

Gestir greiða fyrir gistinguna þer nótt. Ef dvölin nær yfir meira en mánuð er greitt mánaðargjald. Ýmist er hægt að greiða með korti, reiðufé eða millifærslu og gefinn er út reikningur eða greiðslukvittun sé þess óskað.

Gestir fá upplýsingar um aðstöðuna senda við bókun, ásamt húsreglum og leiðbeiningum til að komast inn í húsið. Ef enginn er á staðnum þegar gestir koma fá þeir aðgang að lyklaboxi en geta svo venjulega hitt starfsmann daginn eftir komu ef þá vantar aðstoð eða upplýsingar.

Rannsóknaaðstaða

Vísindamenn og háskólanemar geta óskað eftir aðgangi að rannsóknaaðstöðu hússins. Það þarf hins vegar að meta möguleika á þessu hverju sinni því aðgengi er háð þeim rannsóknum sem þegar er unnið að í húsinu sem og eðli þeirra rannsókna sem óskað er eftir að vinna.

Funda- og ráðstefnuhald

Tveir salir eru í boði í Pekkingarsetrinu sem henta vel til funda og smærri ráðstefna. Annar þeirra er með sýningartjaldi og laus skjávarpi er í boði. Þráðlaust net er á staðnum. Leiguverð fer eftir tímalengd uppákoma.

Hafa þarf í huga varðandi allar uppákomur og gestadvalir í Þekkingarsetrinu, að öll aðstaða er á 2. hæð hússins og lyfta er ekki til staðar.

Ofangreint var staðfest af stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja í febrúar 2026.